



Skógahverfi, Akranesi. Deiliskipulag 2. áfanga íbúðarsvæðis Breyting – nýtingarhlutfall

Bæjarstjórn Akraness leggur til að deiliskipulagi 2. áfanga Skógahverfis verði breytt á þann veg að hámarksnýtingarhlutfall á einbýlishúsalóðum verði lækkað úr 0,5 í 0,35. Tilfni breytingarinnar eru breytingar á ákvörðun gatnagerðargjalda, sem gerðar voru eftir samþykkt deiliskipulagsins. Gjöld miðast nú við hámarksnýtingarhlutfall lóða en í deiliskipulaginu var nýtingarhlutfall sett almennt án tillits til áhrifa á upphæð gjalda. Breytingin er jafnframt til samræmis við ákvæði í deiliskipulagi 1. áfanga hverfisins.

Breytingin snertir ekki megindrætti deiliskipulagsins og hefur engin neikvæð áhrif á umhverfi eða hagsmuni annarra en sveitarfélagsins. Hún telst því óveruleg. Engin breyting er gerð á skipulagsupprætti.

Eftirfarandi breyting verður á kafla 4.2.1 í greinargerð deiliskipulagsins:

Gildandi deiliskipulag:

Almennt skal við það miða að hámarksnýtingarhlutfall á sérbýlishúsalóðum sé 0,5.

Breytt deiliskipulag:

Hámarksnýtingarhlutfall einbýlishúsalóða er 0,35 og raðhúsalóða 0,5.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð samkvæmt

1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var auglýst

frá 16. sept. til 30. okt. 2015

var samþykkt í bæjarstjórn Akraness

10. nóv. 2015


BÆJARSTJÓRINN
Ragnheiður Ásvaldardóttir
bæjarstjóri

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____